



633. fundur stjórnar SASS

Haldinn í Smiðju, skrifstofubyggingu Alþingis

föstudaginn 6. febrúar 2026, kl. 13:30

Pátttakendur: Anton Kári Halldórsson formaður sem stýrði fundi, Sandra Sigurðardóttir varaformaður, Arnar Freyr Ólafsson, Árni Eiríksson, Brynhildur Jónsdóttir, Jóhannes Gissurarson, Helga Jóhanna Harðardóttir og Gauti Árnason. Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir tilkynnti forföll og varmaður hafði ekki tök á að sitja fundinn.

Fundinn situr einnig Ingunn Jónsdóttir framkvæmdastjóri sem ritar fundargerð auk þess sem Grétar Ingi Erlendsson sat fundinn undir fyrsta lið.

Formaður býður fundarmenn velkomna á fundinn.

1. Erindi frá sveitarfélaginu Ölfus.

- Leitað er eftir formlegum stuðningi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) við verkefni sem miðar að því að byggja upp hjúkrunarheimili í Þorlákshöfn, með ályktun sem yrði grundvöllur fyrir sameiginlegu átaki Sunnlendinga gagnvart ríki og öðrum samstarfsaðilum.

Stjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) lýsir yfir áhyggjum af vaxandi skorti á hjúkrunarrýmum á Suðurlandi og á landsvísu, í ljósi fyrirsjáanlegrar fjölgunar í eldri aldurshópum þjóðarinnar og langra biðlista eftir hjúkrunarþjónustu.

Fyrir liggur að áætluð uppbygging hjúkrunarheimila á Suðurlandi nægir ekki til að mæta raunverulegri þörf næstu ár og áratugi, jafnvel miðað við markmið stjórnvalda um ásættanlegan biðtíma eftir hjúkrunarrými. Staðan kallar á samstillt átak ríkis og sveitarfélaga til að tryggja eldri íbúum svæðisins viðeigandi þjónustu og mannsæmandi aðbúnað.

Stjórn SASS fagnar því frumkvæði Sveitarfélagsins Ölfuss að hefja undirbúning að byggingu nýs hjúkrunarheimilis í Þorlákshöfn og telur verkefnið mikilvægan hluta af heildarlausn á skorti á hjúkrunarrýmum á Suðurlandi. Staðsetning Þorlákshafnar, skipulagslegur undirbúningur og tenging verkefnisins við aðra innviðauppbyggingu á svæðinu skapa traustan grundvöll fyrir uppbyggingu hjúkrunarheimilis sem getur þjónað Suðurlandi öllu og jafnframt stutt við lausn á fráflæðisvanda á höfuðborgarsvæðinu.

Stjórn SASS lýsir því yfir formlegum stuðningi við uppbyggingu hjúkrunarheimilis í Þorlákshöfn og hvetur stjórnvöld til að:

- forgangsraða uppbyggingu hjúkrunarrýma á Suðurlandi,
- tryggja nauðsynlega fjármögnun og samvinnu við sveitarfélögin,
- vinna í nánu samstarfi við Sunnlendinga að framkvæmd verkefnisins.

Jafnframt lýsir stjórn sig reiðubúna til að taka þátt í sameiginlegu átaki sveitarfélaga á Suðurlandi, í samstarfi við ríkið, um markvissa og sjálfbæra uppbyggingu hjúkrunarþjónustu til framtíðar.



2. Viðbótarfjármagn inn í Sóknaráætlun

- a. Framkvæmdastjóri fór yfir tilurð viðbótarfjármagns inn í Sóknaráætlun og hvernig ætlast sé til að það sé nýtt.

Stjórn samþykkir tillögur framkvæmdastjóra og felur honum að vinna málið áfram með starfsfólki SASS og kynna niðurstöður á næsta fundi.

3. Heimavist við Fjölbrautaskóla Suðurlands

- a. Skólameistari FSu upplýsti framkvæmdastjóra um þá stöðu að til standi að auglýsa eftir húsnæði fyrir heimavist skólans með það að markmiði að bæta rekstur og þjónustu heimavistarinnar. Það er þó hugsað tímabundið og því lagt til að sveitarfélögin sem standi að skólanum ræði hvernig þau sjá fyrir sér varanlega lausn málsins.

Stjórn þakkar fyrir upplýsingarnar og leggur til að fundað verði með skólameistara FSu til að ræða framhaldið og sameiginlega aðkomu SASS/sveitarfélaganna og FSu gagnvart ríkinu. Jafnframt leggur stjórn til að gerð verði úttekt á þörfum annara framhaldsskóla á Suðurlandi þegar kemur að heimavist fyrir nemendur.

4. Staða mála hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála Heilbrigðiseftirlits Suðurlands en Stjórn sendi erindi á Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið og óskaði eftir fundi um málið. Ráðuneytið bað um að fundinn yrði tími til þess að funda þegar málið væri komið í samráðsgátt. Nú er málið komið inn og því vill stjórn óska eftir fundi.

Framkvæmdastjóra falið að vera í sambandi við framkvæmdastjóra HSL og URN og finna tíma fyrir fund.

5. Önnur mál

Umsögn SASS um mál 322. - samgönguáætlun.

Umsögn SASS um mál 320. – Opinber stuðningur við vísindi og nýsköpun.

Stjórn SASS samþykkir framlagðar umsagnir og felur framkvæmdastjóra að senda þær inn.

Bókun bæjarráðs Hornafjarðar og sveitastjórnar Hrunamannahrepps vegna breytingar á Uppbyggingarsjóði.

Stjórn þakkar fyrir þessar bókanir en minnir á að breytingin er hugsuð sem tilraun til tveggja ára og að eftir þann tíma verði árangur metinn og ákvörðun tekin hvort verklagið verði endurskoðað. Eins er það ítrekað að byggðaþróunarfulltrúar muni áfram sinna umsækjendum og leiðbeina þeim í aðra sjóði eftir því sem við á.

Ályktun frá ársþingi 2024 – „Lyfta upp menningu til þess að hún höfði til sem flestra“.

Stjórn leggur til að farið verði í það verkefni að mynda vinnuhóp til þess að fjalla um með hvaða hætti Samfélagshús Suðurlands gæti risið. Að skoðuð verði með markvissum hætti



þörf svæðisins í heild í góðu samstarfi við hljómsveitir, kóra, leikfélög, tónlistarskóla, myndlistarhópa og dansskóla ásamt fleiri hagsmunaaðilum í landshlutanum, greini tækifæri og áskoranir og þróa hugmyndir út frá því. Framkvæmdstjóra falið að vinna málið áfram með það að markmiði að vinnuhópurinn skili niðurstöðum fyrir ársþing SASS 2026.

6. Lagt fram til kynningar

- a. Fundargerð samráðsvettvangs 19.01.2026
- b. Fundargerð 992. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

7. Trúnaðarmál

Framkvæmdastjóri viku af fundi undir þessum lið.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl.15:45.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn 6. mars 2026 á Teams